

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 29. desember 2022
Málsnr. 2211035

Efni: Tinnuvellir 8-10, grenndarkynning tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Kjóavalla.


Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að fram fari grenndarkynning vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan nær til lóðanna Tinnuvellir 8-10.

Tillagan gerir ráð fyrir að sameina lóðirnar Tinnuvellir 8 og 10 og breyta í parhúsaloð. Tinnuvellir 8 verða 8a og Tinnuvellir 10 verða 8b. Byggingarreitur Tinnuvalla 10/8b lengist um 8 metra til austurs.

Tillagan er grenndarkynnt eigendum lóða við Tinnuvelli og Sunnuvelli ásamt stjórn hestamannafélagsins Sprettis og kópavogsbæ sem er aðili að deiliskipulagi Kjóavalla. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 27. janúar 2023. Athugasemdir skulu sendar skipulagsstjóra Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Leigjendur húsa/eigna teljast einnig til hagsmunaaðila og eru eigendur ábyrgir fyrir því að kynna þeim tillöguna.

Virðingarfyllst,



Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsstjóri



Hjálagt:

- Deiliskipulagsbreytingar uppdráttur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026